

Alþingi
Erindi nr. P 136/596
komudagur 18.12.2008

Álit

um frv. til 1. um ráðstafanir í ríkisfjármálum.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefur að beiðni efnahags- og skattanefndar fjallað um I. kafla frumvarpsins. Á fund nefndarinnar komu Þorvaldur Karl Helgason, Sigríður Dögg Geirsdóttir og Guðmundur Þór Guðmundsson frá Biskupsstofu.

Með frumvarpinu er framlag til kirkjunnar skert um 300 millj.kr. og framlagið tekið frá kirkjunni og látið renna til ríkissjóðs í staðinn. Gestir undirstrikuðu að afleiðingin verður sú að þjónusta sóknanna skerðist jafnframt því sem þjónustupörfin eykst vegna hruns bankakerfisins og áfalla sem því tengjast. Töldu hagsmunaaðilar að vegna þessarar skerðingar þyrfti að segja upp starfsmönnum sókna, fresta viðhaldi og stöðva nýframkvæmdir. Fram kom að 2/3 hlutar kirkna í landinu, eða um 205 kirkjur, eru friðaðir, en vegna þess er viðhald þeirra kostnaðarsamara en ella. Afleiðing frumvarpsins er því þjónustuskerðing sókna ásamt því sem dregið er verulega úr mannaflafreku viðhaldi og nýframkvæmdum.

Minni hlutinn styður ekki frumvarpið.

Alþingi, 17. des. 2008.

Siv Friðleifsdóttir,
Jón Magnússon,
Atli Gíslason.